

Erindi nr. P 118 / 1423

KENNARASAMBANDIÐ ÍSLAND
Mudagur 24/3 1995Kennarahúsinu
Lauðsvegur 81 · IS-101 Reykjavík
Sími/Tel: 91-421080 · Bréfasími/Fax: 91-421170
ÍSnet: ki@kopasker.is

Á fundi stjórnar Kennarasambands Íslands, sem haldinn var föstudaginn 17. febrúar 1995 var samþykkt eftirfarandi ályktun vegna afgreiðslu á frumvarpi til laga um grunnskóla:

Stjórn Kennarasambands Íslands lýsir yfir furðu sinni á þeirri málsmeðferð sem frumvarp til laga um grunnskóla fær hjá menntamálanefnd Alþingis og menntamálaráðherra.

Lög um grunnskóla eru þess eðlis að þau snerta alla þjóðina og því þarf að ríkja sátt um samþykkt þeirra bæði á Alþingi og meðal þeirra samtaka sem málið varðar. Það er því miður að menntamálaráðherra og menntamálanefnd skuli ganga þvert á strekaðar óskir kennarafélaga og sveitarfélaga hvað varðar afgreiðslu frumvarpsins og þeirra mála sem tengjast því. Frumvarpið er afgreitt úr nefnd án þess að nokkur niðurstaða sé fengin um meðferð ráðningarbundinna réttinda grunnskólakennara við flutning grunnskóla til sveitarfélaga. Afgreiðsla menntamálanefndar er í algjörrri andstöðu við þá fyrirvara sem samtök kennara og sveitarfélaga hafa sett varðandi flutninginn. Fyrirvarar kennara og sveitarfélaga hafa nánast verið samþjódá og er þess krafist að áður en til flutnings kemur verði fjárveitingar til sveitarfélaga og öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennara tryggð.

Í umsögn Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags um frumvarpið segir m.a.:

„Í gildandi aðalnámskrá fyrir grunnskóla er lögð höfuðáhersla á rétt einstaklingsins til menntunar og skyldur ríkisins til að stuðla að því að allir njóti menntunar og hafi til þess jöfn tækifæri. Verði af yfirtöku sveitarfélaga á öllum rekstrarkostnaði grunnskóla virðist þetta meginmarkmið vera í hættu vegna lélegs undirbúnings. Menntamálaráðherra skipaði tvær nefndir í nóvember 1993, aðra til að setja fram tillögur um hvernig fara skuli með áunnin, starfstengd réttindi kennara og hina til þess að reikna út kostnað frá ríki til sveitarfélaga. Övíst er hver afstaða ríkisstjórnarinnar er til tillagna þessara nefnda.“

Í umsögninni er einnig varað við því að fella út fjölmörg viðmið og ákvæði um skólustarf og fræðsluskyldu sem kveðið er á um í gildandi lögum. Þess er krafist að a.m.k einu ári áður en til flutnings kæmi yrðu ríki og sveitarfélög búin að tryggja fjárveitingar til reksturs grunnskóla. Einnig er bent á atriði eins og stöðkerfi skólanna, öruggan rekstrargrundvöll sérskólanna og að öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar verði tryggð.

Frá því að umsögnin var lögð fram hefur lítið verið gert. Skipuð hefur verið verkefnisstjórn sem einungis hefur komið saman tvisvar sinnum. Það er því ljóst að málið er enn á undirbúningsstigi. Lög um tekjustofna sveitarfélaga hafa ekki verið lögð fram og heidur ekki lög um starfstengd réttindi kennara.

Þau vinnubrögð menntamálaráðherra og menntamálanefndar Alþingis að hraða afgreiðslu grunnskólalaga í gegnum þingið er í hróplegni mótsögn við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið um að ekki yrði af flutningi grunnskóla til sveitarfélaga fyrr en öll grundvallaratriði hefðu verið tryggð.

Reykjavík, 17. febrúar 1995

F.h. Kennarasambands Íslands


Guðrún Ebba Ólafsdóttir
varaformaður


Svanhildur Ólafsdóttir
formaður skólamálaráðs

Kennarasamband Íslands

Hið íslenska kennarafélag

Til menntamálaráðherra, Ólafs G. Einarssonar.

Stjórnir Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags ítreka hér með þá fyrirvara sem kennarafélögin hafa sett varðandi frumvarp til laga um grunnskóla.

Í umsögn kennarafélaganna um frumvarp til laga í grunnskóla er þess krafist að a.m.k. ári áður en flutnings grunnskóla til sveitarfélaga verði ríki og sveitarfélög búin að tryggja:

1. fjárveitingar til sveitarfélaga þannig að þau geti staðið undir kostnaði af skólastarfl grunnskóla í samræmi við nógildandi grunnskólalög - án þeirra ákvæða um skerðingu sem nú eru í gildi, auk þess að tryggja fjármagn til frekari þróunar grunnskólans;
2. að ekki dragi úr stoðkerfi skólanna, s.s. starfsemi fræðsluskrifstofa, ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, starfsemi Námsgagnastofnunar og tilboðum um endurmenntun fyrir kennara;
3. öruggan rekstrargundvöll sérskólanna með tilliti til þess að nemendur geti notið allrar nauðsynlegrar þjónustu, óháð búsetu;
4. öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar og að einn viðsemjandi fari með samningsumboð fyrir öll sveitarfélög sameiginlega.

Ekkert af þessu hefur verið tryggt.

Þau skilyrtu lagaákvæði sem eru í breytingartillögu meirihluta menntamálanefndar tryggja á engan hátt:

1. rétt kennara og skólastjóra til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins;
2. óbreytt ráðningarréttindi kennara og skólastjóra hjá nýjum vinnuveitanda;
3. að viðtæk sátt náist um flutninginn milli hlutaðeigandi aðila, ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.


Kennarafélögin mótmæla harðlega lélegum frágangi þessara mikilvægu mála og telja hann stefna réttinda- og ráðningarmálum grunnskólakennara í mikla tvisýnu.

Reykjavík, 23. febrúar 1995

F. h. stjórnar Kennarasambands Íslands


Eiríkur Jónsson formaður

F.h. stjórnar Hins íslenska kennarafélags


Elna K. Jónsdóttir formaður

Til þingmanna frá kynningarnefnd kennarafélaganna, Kennarahúsinu, sími 624080.

Lög um grunnskóla eru þess eðlis að þau snerta alla þjóðina og því þarf að ríkja sátt um samþykkt þeirra bæði á Alþingi og meðal þeirra samtaka sem málið varðar. Þar sem umræðan um grunnskólafrumvarpið stendur yfir á Alþingi er nauðsynlegt að þingmenn geri sér grein fyrir afstöðu kennarafélaganna varðandi það. Í þessu skjali eru tiltekin þau atriði sem kennarafélögin hafa gert athugasemdir við í umsögn um frumvarpið frá því í desember 1994. Kennarafélögin telja að það þurfi að endurskoða frumvarpið áður en það verður samþykkt. Vissulega eru fleiri greinar í lögnum sem kennarafélögin hafa gert umsögn um sérstaklega um fjölda nemenda í bekkjadeild. Kennarafélögin lýsa furðu sinni á því að ekki hafi verið tekið tillit til þessara sameiginlegu kröfu kennara, foreldra og nemenda í frumvarpinu.

1. gr. Um fyrirvara kennara og sveitarfélaga og að ekki sé hægt að samþykkja frumvarp til laga um grunnskóla sem hefur það að meginmarkmiði að flytja grunnskóla til sveitarfélaga fyrr en tryggðar hafa verið fjárveitingar til sveitarfélaga, stoðkerfi skólanna, öruggan rekstrargrundvöll sérskólanna og öll samningsbundin og lögbundin réttindi kennarastéttarinnar.

3. gr. Viðmið um stærð skóla og að taka þurfi tillit til kostnaðarauka sveitarfélaganna vegna einsetningar.

6. gr. Varað er við því að vísa málefnum einstakra nemenda til pólitískt kjörinnar skólanefndar.

9. gr. Um samstarfsvettvang menntamálaráðuneytis og sveitarstjórnar.

10. gr. Nánar um fjármál og hvernig menntamálaráðuneytið fylgir eftirliti eftir.

23. gr. Allur fyrirvari er ítrekaður úr umsögninni varðandi ráðningarmál kennara og skólastjóra. Ótal greinar úr lögnum falla brott, s.s. umsagnarréttur kennara, heimild til að ráða fleiri aðstoðarskólastjóra við hvern skóla, um undanþágunefnd, um námsráðgjafa og um starfsfólk í heimavist.

26. gr. Vantar enn nánari skilgreiningu á skóladögum nemenda.

29. gr. Rétt er að ítreka að umræðan um kjarnagreinar þurfi lengri tíma og varað er við því að raða námsgreinum í röð eftir vægi. Einnig er ítrekuð krafan um að efla þurfi kennslu í list- og verkgreinum.

32. gr. Fækkun valgreina og dregið úr sjálfstæði skóla.

33. gr. Kveða þarf á að um að ríkið veiti nemendum námsgögn endurgjaldslaust, m.ö.o. að ríkið standi undir kostnaði.

36. gr. Búið er að fella úr frumvarpinu heimild nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku skuli eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Ekki er kveðið á rétt nemenda til kennslu í móðurmáli sínu.

37. gr. Hvergi er getið um sérkennara í almennum grunnskólum. Dregið er úr jafnrétti nemenda til náms við hæfi hvers og eins í heimaskóla. Tryggja þarf kostnað við rekstur sérskóla og sérdeilda og varað er við því að sveitarfélög hafi ekki bolmagn til að standa undir slíkum rekstri.

42. gr. Varað er við því að fella niður fimm greinar í 8. kafla laga um kennsluráðgjöf og sálfræðipjónustu og setja í staðinn tvær fremur óljóst orðaðar greinar um "sálfræðipjónustu". Ítreka þarf að þjónusta við nemendur sé þeim að kostnaðarlausu og um eftirlit og viðurlög sé lögum ekki framfylgt. Vantar um kennslugagnamiðstöðvar.

46. gr. Varað er við áhersluna á samræmd próf, sérstaklega í 4. og 7. bekk.

Enn og aftur er ítrekað að greinum 17. og 41. er ætlað að koma í stað fjölmargra lagagreina sem falla brott. Enn vantar fjölmörg viðmið og þá sérstaklega viðmið um fjölda nemenda í bekkjum/ námshópum. Dregið er úr skýrleika laganna hvað varðar rekstrarþætti og útreiknanlegan kostnað vegna þeirra og við sjáum ákveðna hættu á að skilyrðum laganna verði ekki uppfyllt.

Kennarafélögin vara við því kostnaðarmati sem fylgir frumvarpinu.

Ekki er hægt að samþykkja lög um grunnskóla á Alþingi fyrir en tryggðir hafa verið eftirfarandi þættir:

1. Óbreytta ráðingarfestu kennara með samningum og/eða semja um önnur jafnverðmæt kjör.
2. Rétt kennara til biðlauna frá ríkinu enda verða störf þeirra lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Semja við nýjan vinnuveitanda, sveitarfélögin um hliðstæði réttindi eða jafnverðmætar kjarabætur sem koma í þeirra stað.
3. Að sveitarfélögin fari í öllu eftir efnisatriðum laga og reglugerða er nú gilda um ráðningar kennara í lausar stöður. Ein af kröfunum varðar rétt til skipunar (eða m.ö.o. rétt til æviráðingar) eftir tiltekinn tíma í starfi eða jafnverðmætar kjarabætur þess í stað. Ljóst er að mörg sveitarfélög eru vegna smæðar sinnar vanbúin til að taka að sér ábyrgð vinnuveitanda vegna reksturs grunnskóla.
4. Kennarar hafi jafngóðan veikinda- og barnsburðarleyfisrétt og þeir hafa nú. Þá verður að gæta þess að sá tíma sem þeir hafa starfað í þjónustu ríkisins verði metinn í því réttindakerfi sem samið verður um við sveitarfélögin þ.e.a.s. samanlagður starfstími hjá ríki og sveitarfélögum.
5. Áframhaldandi aðild starfandi kennara að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Rof á réttindaávinnslu þeirra sem verið hafa lengi í LSR getur reynst þeim afar dýrt. Ef til vill er eina raunhæfa lausnin sú að allir grunnskólakennarar sem uppfylla núgildandi skilyrði um aðild að LSR fái aðild að LSR í framtíðinni, þrátt fyrir að grunnskólinn færist til sveitarfélaganna ella má annars gera ráð fyrir afar mismundandi lífeyriskjörum kennara í framtíðinni.
6. Fyrirfram greidd laun (sbr. 20. gr. 1. nr. 38/1954).
7. Uppgjör á áunnu en óteknu orlofi.
8. Starfsaldur og ýmis tengd samningsbundin réttindi.
9. Fullt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekjustofna til sveitarfélaganna til að standa undir þeim kostnaði er yfirtökunni fylgir.
10. Samkomulag milli ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga kennara um kjara- og réttindamál kennara, þ.m. t. lífeyrisréttindi.

11 Ekk dragi úr stoðkerfi skólanna s.s. starfsemi fræðsluskrifstofu, ráðgjafar- og sálfræðipjónustu og tilboðum um endurmenntun fyrir kennara.

12. Öruggan rekstrargrundvöll sérskólanna með tilliti til þess að nemendur geti notið allrar nauðsynlegrar þjónustu óháð búsetu.